

Skipulagsfulltrúi
Hveragerðisbær
Sunnmörk 2
810 Hveragerði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 11. janúar 2016
UST201512-095/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005 – 2017 á lóð NLFÍ og Lækjarbrúnar.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017. Breytingartillagan nær til lóðanna Grænamörk 10 og Þelamörk 61. Heildarstærð reitsins er rúmir 14 ha.


Áætlað er að skipta lóðinni Grænamörk 10 og byggja upp hótél á nýrri lóð sem kemur til með að vera staðsett á austasta hluta lóðar NLFÍ.


Náttúruminjar

Í lýsingu kemur fram að áætluð lóð fyrir hótél liggur að Varmá, en áin og bakkar hennar eru á náttúruminjaskrá vegna mikils vísindalegs gildis. Einnig kemur fram að áin er undir hverfisvernd og að ekki má byggja nær ánni en 20 m. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þessi að ekki verði byggt nær Varmá en 50 m vegna verndargildis árinna og bakka hennar.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áætlað hótél verði lagað að umhverfinu og byggingum HNLFÍ hvað útlit varðar, svo góður heildarsvipur haldist á svæðinu og komist verði hjá neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur